# 618 Kirkja vors Guðs er gamalt hús




5. Hús þau er kirkjur köllum vér
kær skulu' oss öllum þó vera.
Frelsarinn börn svo faðmi' að sér
foreldrar þangað þau bera.
Guðs hús er þar og himnahlið,
hefur þar sáttmál gjört oss við
hann sem oss himinerfð gæddi.

6. Skírnarker minnir skýrt oss á
skírnina' er náðinni heitir,
altarið máltíð eins á þá
andans er næringu veitir.
Fögnuði með þar finnum vér
frelsari vor að hjá oss er,
miskunn hans sífellt hin sama.

7. Náðugi Guð, af náð veit þú
nær sem að klukkurnar kalla,
söfnuðir Krists í sannri trú
safnist um veröldu alla,
lát þá í anda son þinn sjá,
sonar þíns kveðju heyrða fá:
„Friður sé öllum með yður.“

**T** Nikolaj F.S. Grundtvig 1837 – Helgi Hálfdánarson – Sb. 1886
**L** Ludvig M. Lindeman 1840 – SE 1919
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023